

Nd.

448. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (Á. F., J. A. J. og B. L.).

Vjer undirritaðir höfum ekki orðið sammála meðnefndarmönnum vorum um frumv. þetta að öllu leyti.

1. gr. frumv. ákveður, að forstaða áfengisverslunarinnar skuli lögð undir forstjóra landsverslunar og að setja skuli lyfjafróðan mann þeim forstjóra til aðstoðar um kaup á nauðsynlegum lyfjum og hjúkrunargögnum. Höfum vjer leitað álits núverandi forstjóra þessara verslana, og þá sjerstaklega forstjóra landsverslunar, um þessi atriði, en þeir hafa báðir ráðið frá því, að sameining eigi sjer stað eins og stendur. Að vorum dómi væri slík ráðstöfun harla óviðfeldin og gæti ekki haft neinn sparnað í för með sjer, sem þó mun aðallega vera tilgangurinn. Vínverslunin er svo stórt og alveg sjerstakt verslunatriði, að vjer álitum ekki, að hún eigi að komast undir stjórn annarar óskyldrar verslunar. Vínverslunin krefst forstöðumanns, sem hefir faglega þekkingu á því sviði, og þessarar þekkingar hefir núverandi forstjóri hennar aflað sjer með þeirri tveggja ára reynslu, er hann hefir fengið. Enda mun reynslan leiða í ljós, að haldi hann áfram að veita versluninni forstöðu, þá mun hún sýna meiri hagnað framvegis en að undanfögnu, þó árlegt solumagn fari ekki vaxandi.

Fari svo, að breyting verði á forstöðu þessarar verslunar, teljum vjer sjálfsgagt að skipa í þá stöðu hæfan mann, er hafi nokkra fagþekkingu í allri meðferð og geymslu vinfanga og hafi auk þess góða almenna verslunarþekkingu. Ætti þessi forstöðumaður ekki að hafa önnur störf með höndum en rekstur vínverslunarinnar.

Lyfjafræðingurinn, sem er tengdur við forstöðu vínverslunar nú, verður það væntanlega ekki lengur en núverandi forstjóri heldur starfinu, enda hæðarleikur að ráða menn í báðar þessar stöður fyrir sama kaup, eða jafnvel lægra en núverandi forstjóri hefir.

2. gr. frumv. getum vjer eftir atvikum fallist á.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Aug. Flygenring,
skrifari og framsögum.

Jón A. Jónsson.

Björn Líndal.